

Bóka- og gagnaeign

Á safninu má finna fjölbreytt úrval skáldrita og fræðibóka, skemmtileg tímarit, myndbönd og CD diska. Nemendur eiga greiðan aðgang að safnkostinum að frátöldum myndböndum og CD diskum.

Bóka- og gagnaeign safnsins er rúmlega tólf þúsund eintök.

Ýmsir viðburðir

Ýmsir viðburðir og uppákomur tengjast safninu. Sem dæmi má nefna kynningar á nýjum bókum og heimsóknir rithöfunda. Alþjóðlegur bangsadagur, dagur barnabókarinnar og Norræna bókasafnavikan svo eitthvað sé nefnt. Skólasafnið stendur einnig fyrir árlegu lestrarátaki, sem notið hefur vinsælda hjá nemendum.



Skólasafn Ártúnsskóla
Umsjón og kennari: Guðrún Þórðardóttir
Veturinn 2013-2014

Skólasafn Ártúnsskóla



*Upplýsinga-
og
menningar-
miðstöð
skólans*



<http://www.artunsskoli.is>

Skólasafnið

Skólasafnið er staðsett í björtu og fallegu rými í hjarta skólans og er samliggjandi tölvuveri. Safnið er opið alla virka daga á starfstíma skólans. Hver bekkur hefur fastan tíma á safninu og gefst kostur á að vinna á safninu þegar þörf er á. Á safninu er mjög góð vinnuaðstaða fyrir einstaklinga og hópa, bæði fyrir tölvuvinnu og heimilþaöflun.

Á safninu ríkir friður og ró sem gefur gott næði til vinnu. Nemendur Ártúnsskóla ganga vel um safnið og öll safngögn.

Gögn safnsins eru skráð í Gegni, landskerfi bókasafna. www.gegnir.is

Hlutverk skólasafnsins

Skólasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Starfsemi þess styður nám og kennslu í skólanum. Lögð áhersla á að nemendur nýti sér þá tækni sem er til staðar í skólanum, öðlist hæfni í að afla upplýsinga af netmiðlum, nái tökum á úrvinnslu gagnanna og miðlun þeirra. Skólasafnið á að vera leiðandi afl sem nýtir upplýsingatækni nútímans í skapandi skólastarfi.

Útlán

Útlán bóka og annarra gagna eru tölvustýrð og eiga lánþegar skírteini sem geymd eru á safninu. Öll gögn sem farið er með út af safninu þarf að skrá í útlán og sjá nemendur sjálfir um skráninguna. Nemendur geta fengið 1-2 bækur lánaðar heim til tómsundalesturs. Auk þess fá nemendur lánaðar ýmsar bækur til verkefnavinnu.

Sjálfsafgreiðsla nemenda er viðhöf á safninu við útlán bóka og nemendur í elstu bekkjum aðstoða við frágang bóka.

Hver nemandi má hafa allt að fjórar til sex bækur að láni í senn. Útlánstíminn er 15 dagar. Foreldrar eru hvattir til að minna börnin á að skila lánsbókum tímanlega.

Vinna nemenda á skólasafni

Kennsla á bókasafni hjá eldri nemendum snýr helst að mismunandi vinnu við efniskönnun, bæði af neti og úr bókum. Unnið er einstaklingslega, í paravinnu eða í hópum. Ásamt ritgerðarskrifum, heimildavinnu og lausnarleitarnámi með verkefnakynningu og jafningjamati í lok verks.

Yngri nemendur vinna einnig að efniskönnun einstaklingslega og í paravinnu af neti og úr bókum. Verkefni eru léttari og miðast við getu hvers og eins. Auk þess er unnið með samlestur, upplestur og sögugerð, ásamt lesskilningsverkefnum þar sem málvitund nemenda er aukin.

Lestur

Eitt af meginmarkmiðum skólasafnsins er að gera nemendur áhugasama, gagnrýna og ákafa lesendur, jafnt á bókmenntir sem og fræðirit. Að njóta góðra bóka og lesa sér til fróðleiks og ánægju skiptir gríðarlega miklu máli í nútímasamfélagi. Skólasafnið stendur fyrir lestrarhvatningar átaki allan veturinn, sem er Drekalestur og Prinsessulestur. Auk þess er árlegt lestrarátaki í janúar.



„Látum allt sem við lesum vera okkur til menntunar. Að lesa án gagns fyrir hjarta og sál er það sama og að sjá en vilja ekki uppskera.“ C. L. R.